Samantekt um umsagnir

1. Efni

13. mál á þingmálaskrá, lagafrumvarp, 150. löggjafarþing 2019–2020. Frumvarp til laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Seinna samráð.

2. Fjöldi umsagna

3.

3. Umsagnaraðilar

Persónuvernd, Samtök SA, SI, SVÞ og SFF og Samband íslenskra sveitarfélaga.

4. Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Innheimtuþóknun ríkissjóðs

5. Samband íslenskra sveitarfélaga

- Í umsögn sambandsins um frumvarpið kom fram gagnrýni sambandsins á fjárhæð innheimtuþóknunar ríkissjóðs fyrir að sjá um innheimtu fyrir sveitarfélögin.
    - Athugasemdin varðar ekki efni frumvarpsins með beinum hætti og samtal um það á heima á öðrum vettvangi.

Samvinna ríkis og sveitarfélaga um bætt skattskil

6. Samband sveitarfélaga

- Sambandið kallar eftir að vinna hefjist við samkomulag sem undirritað var í apríl 2018 um að tekin yrði upp samvinna milli ríkis og sveitarfélaga sem miði að bættum skattskilum, m.a. með betra eftirliti með skattundanskotum og svartri atvinnustarfsemi, og betri nýtingu bótagreiðslna. Tekið er fram að tilefni sé til að skoða hvort skynsamlegt væri að bæta við frumvarpið ákvæði um formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga, mögulega með aðkomu fleiri aðila, um bætt skattskil.
    - Tekið er undir að hrinda þyrfti úr vör vinnu í samræmi við samkomulag þetta frá því í apríl 2018. Að mati ráðuneytisins varðar það þó ekki efni frumvarpsins sem slíkt. Ákvæði um formlegt samstarf ríkis og sveitarfélaga um bætt skattskil hefði mögulega lítið lagalegt gildi að mati ráðuneytisins þótt það sé verðugt markmið.

Ákvæði 5. gr. frumvarpsins

7. Samband íslenskra sveitarfélaga

- „Í 31. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er kveðið á um kærurétt sveitarfélaga á álagningu á einstaka gjaldendur: „Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til ríkisskattstjóra og áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar.“ Spurning um raunhæfa þýðingu þessa segir sambandið, og segir: „Augljóst er þó að aðgengi sveitarfélaga að álagningarskrá hlýtur að vera forsenda þess að kæruréttur virkist. Sambandið fer því fram á að í frumvarpið verði bætt ákvæði sem taki af vafa um að sveitarfélög hafi aðgang að álagningarskrá Ríkisskattstjóra, að uppfylltum skilyrðum um meðferð persónuupplýsinga.

- Ákvæði 5. gr. frumvarpsins hefur að geyma kæruheimild gjaldanda til ráðuneytisins. Ekki verður séð að tilefni sé til að bæta í ákvæðið kæruheimild sveitarfélaga, sem er til ríkisskattstjóra og Yfirskattanefndar en ekki ráðuneytisins. Ákvæði 31. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, kveður á um það en í 4. mgr. 1. gr. kemur fram að sérákvæði annarra laga um skatta, gjöld og sektir sem mæla fyrir á annan veg gangi framar ákvæðum frumvarpsins. Kæruheimildir í sérlögum halda því gildi sínu þrátt fyrir 5. gr. frumvarpsins. Hins vegar hefur þessari athugasemd verið bætt inn í greinargerð með frumvarpinu.
- Varðandi aðgengi sveitarfélaga að álagningarskrá er að mati ráðuneytisins eðlilegt að slíkt ákvæði væri í lögum um tekjuskatt eða lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sé vilji fyrir því. Meginefni frumvarpsins lýtur að innheimtu skatta, gjalda og sekta sem innheimtumenn ríkissjóðs innheimta og er afmarkað við það.

Ákvæði 7. gr. frumvarpsins

8. Samtökin:

- „Ráðuneytið féllst ekki á að fella ákvæði 3. mgr. 7. gr. fyrra frumvarps brott og er samhljóða ákvæði nú að finna í 5. mgr. 7. gr. Samkvæmt íslenskum kröfurétti er gjalddagi kröfu það tímamark þegar kröfuhafa er fyrst heimilt að krefjast þess að skuldari inni greiðslu sína af hendi. Í vissum tilvikum veita kröfuhafar skuldara frest til að efna skyldu sína og telst þá krafan ekki vanefnd ef greiðslan berst fyrir veittan frest, þ.e. svokallaðan eindaga. Í fyrirliggjandi frumvarpsdrögum er lagt til að vikið sé frá þessum grundvallarreglum kröfuréttar. þar sem kveðið er á um að skattar og gjöld sem ekki hafa verið greidd á gjalddaga séu í vanskilum. Í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins er ákvæðið skýrt nánar og sérstaklega tekið fram að um vanskil sé að ræða, þrátt fyrir að eindagi sé ekki kominn.
- Samtökin mótmæla þessu og telja að engin rök standi til þess að setja sérreglu um vanskil skatta og gjalda, eins og lagt er til í frumvarpinu. Leiðir þetta til þess að fyrirtæki sem standa að fullu í skilum við ríkissjóð og nýta sér þá heimild til að greiða skatta og gjöld innan eindaga teljast í vanskilum við ríkissjóð. Þetta getur haft áhrif á möguleika fyrirtækja til að taka þátt í útboðum opinberra aðila þar sem skilyrði þátttöku er yfirleitt að fyrirtæki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Ef ekki verður samþykkt að fella brott ákvæði 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins gera samtökin þá tillögu að vanskil séu miðuð við **eindaga en ekki gjalddaga.“**
  - Ráðuneytið hefur skoðað þetta atriði ofan í kjölinn með ríkisskattstjóra og er enn þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hafa þetta orðað með þeim hætti að ljóst sé að ekki sé gefið út skuldleysisvottorð til gjaldanda skuldi hann gjaldfallna skatta, gjöld eða sektir. Orðalag 5. mgr. ákvæðisins er lítið eitt breytt til þess að þetta atriði sé skýrt. Varhugavert væri ef innheimtumaður gæfi yfirlýsingu um skuldleysi í þeim tilvikum sem gjaldandi skuldar sannanlega gjaldfallna skatta og gjöld.
  - Vísa má einnig til 1. mgr. 83. gr. a laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, sem varðar slit félags. Þar segir að með yfirlýsingu um skuldleysi skuli fylgja vottorð frá toll- og skattyfirvöldum um að félagið skuldi ekki opinber gjöld. Þar er átt við allar gjaldfallnar skuldir sem komnar eru fram yfir gjalddaga en ekki eindaga.
  - Varðandi athugasemd samtakanna um að þetta geti haft áhrif á möguleika fyrirtækja til að taka þátt í útboðum opinberra aðila þar sem skilyrði þátttöku er yfirleitt að fyrirtæki sé ekki í vanskilum með opinber gjöld er bent á ákvæði 4. og 5. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016, sem eru heimildarákvæði. Því er heimilt að veita undanþágu frá útilokun vegna vangreiðslu á opinberum gjöldum skv. 3. og 4. mgr. ákvæðisins ef aðrir veigameiri hagsmunir eru til staðar. Unnt er að framvísa stöðuyfirliti frá innheimtumanni þar sem fram koma allir gjaldfallnir skattar, gjöld og sektir. Á yfirlitinu er sérstaklega tekið fram að ef vextir hafa ekki verið lagðir á

kröfuna sé eindagi þeirra ekki kominn en undantekning frá því eru ýmsar skattsektir og fésektir sem ekki bera vexti.

Ákvæði 8. gr. frumvarpsins

9. Samtök atvinnulífsins, fjármálafyrirtækja og iðnaðar:

- Samtökin gera aftur athugasemd við 8. gr. frumvarpsins líkt og í fyrri umsögn sinni. Skilyrði fyrir greiðslu dráttarvaxta á ofgreitt fé séu þrengd verulega í frumvarpinu miðað við núverandi fyrirkomulag og slíkt raski jafnræði ríkisins og gjaldenda. Mikilvægt sé að ríki gæti hófs við takmörkun á almennum rétti borgara til að sækja lögbundið álag á ofgreidda skatta og gjöld. Ríkisvaldið sé með þessu kominn í hagstæðari stöðu sem kröfuhafi vangreiddra skatta heldur en almenningur sem kröfuhafi ofgreiddra skatta.
    - Eins og fyrr er ekki fallist á að þessi tillaga til breytinga á greiðslu dráttarvaxta á ofgreitt fé raski jafnræði gjaldenda gagnvart ríkinu. Markmiðið er að gjaldendur sitji við sama borð hvort sem þeir hafa yfir að ráða sérfræðiþekkingu eða aðgang að sérfræðiaðstoð líkt og greinir frá í greinargerð. Samkvæmt núgildandi reglum öðlast þeir gjaldendur sem njóta lögfræðiaðstoðar betri réttar til greiðslu dráttarvaxta en aðrir, með því einu að gera kröfu um endurgreiðslu. Ákvæðið hefur að geyma sams konar reglu til greiðslu dráttarvaxta af endurgreiðslum og nú eru í 114. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en einnig má benda á dóm Hæstaréttar í máli nr. 617/2016.

Ákvæði 19. gr. frumvarpsins

10. Persónuvernd:

- Persónuvernd sendi umsögn um frumvarpið hinn 15. október 2019 eftir umleitun ráðuneytisins þar um 28. ágúst s.á.
- Með tölvupósti þann 16. september 2019 var Persónuvernd upplýst um að uppfærð drög að frumvarpi hefðu verið birt í samráðsgáttinni, en í tölvupóstinum segir að frumvarpið hafi tekið breytingum þar sem tekið hafi verið mið af persónuverndarsjónarmiðum og að frumvarpið hafi verið unnið í samráði við persónuverndarfulltrúa stjórnarráðsins og ríkisskattstjóra.
- Með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru milli fyrri og seinni birtingar frumvarpsdraga í samráðsgáttinni tilkynnti Persónuvernd að ekki væru gerðar athugasemdir við þá vinnslu persónuupplýsinga sem kveðið er á um í drögunum.

11. Samtökin:

- Í umsögn samtakanna fimm segir: „Samtökin vilja þó minna á mikilvægi þess að gæta að friðhelgi einkalífs og persónuvernd þegar kemur að þeim upplýsingum sem ríkið telur sig þurfa hverju sinni til að rækja skyldur sínar. Að mörgu er að huga þegar kemur að vernd og vinnslu persónuupplýsinga sem eðlilegt væri að tiltaka í frumvarpi sem þessu svo sem hvernig öryggi við meðferð upplýsinganna verður tryggt, þau skilyrði sem tryggja lögmæta vinnslu og meðalhóf, samspil við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og við upplýsingalög nr. 140/2012. Samtökin skora áfram á stjórnvöld að gæta að góðu samráði við Persónuvernd við frekari vinnslu frumvarpsins.“
- Þá segja samtökin: „Samtökin sakna þess til að mynda að sjá ekki ákvæði í frumvarpsdrögunum sem hugar að áhrifum upplýsingagjafar sem þessarar á friðhelgi einkalífs með hliðsjón af upplýsingalögum nr. 140/2012, nánar tiltekið 9. gr. þeirra laga. Frumvarpsdrögin mættu innihalda ákvæði sem tiltekur takmörkun á aðgangi almennings að upplýsingum um eignir og skuldir, tekjur og fjárhagsstöðu. Slíkt myndi fela í sér aukið réttaröryggi gjaldenda. Að sama skapi færi vel á því að hafa almenna skírskotun til þess að

lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 gildi um þá vinnslu persónuupplýsinga sem frumvarpið felur í sér.“

- Ekki er talið nauðsynlegt að tiltaka það sérstaklega þar sem þessir lagabálkar gilda þar sem það á við.
- Ráðuneytið beið eftir umsögn Persónuverndar fram á síðasta dag fyrir sendingu þess í yfirlestur hjá forsætisráðuneyti og seinkaði það framlagningu frumvarpsins fyrir ríkisstjórn. Umsögnin barst aldrei en í símtali við starfsmann Persónuverndar kom fram að verkefnaálag hjá þeim væri svo mikið að þeim reyndist erfitt að koma þessu að. Hins vegar hefðu að þeim virtist verulegar úrbætur verið gerðar á frumvarpinu frá því sem var í fyrra samráði. Ráðuneytið naut leiðbeininga bæði persónuverndarfulltrúa stjórnarráðsins og ríkisskattstjóra við samningu frumvarpsins.

12. Samband íslenskra sveitarfélaga:

- „Í 31. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er kveðið á um kærurétt sveitarfélaga á álagningu á einstaka gjaldendur: „Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til ríkisskattstjóra og áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar.“
- Spurning um raunhæfa þýðingu þessa segir sambandið: „Augljóst er þó að aðgengi sveitarfélaga að álagningarskrá hlýtur að vera forsenda þess að kæruréttur virkist. Sambandið fer því fram á að í frumvarpið verði bætt ákvæði sem taki af vafa um að sveitarfélög hafi aðgang að álagningarskrá Ríkisskattstjóra, að uppfylltum skilyrðum um meðferð persónuupplýsinga.“
- Þá segir sambandið: „Takmarkað aðgengi að álagningarskrám, líkt og að framan greinir, hefta einnig möguleika sveitarfélaga til að leiðrétta fjárhagsáætlanir út frá mati á innheimtanleika einstakra krafna.“ Hér kemur sambandið inn á að leggja skuli áherslu á að fækka þeim gjaldendum sem sæta áætlun við álagningu tekjuskatts og útsvars og að það leiði til kostnaðarauka við alla innheimtu.
    - Ákvæði 19. gr. frumvarpsins varðar aðgang innheimtumanna að gögnum í því skyni að rækja hlutverk sitt við innheimtu skatta og gjalda. Telja verður að þessi tillaga eigi betur heima í sérlögum.